

Hagnýt fjölmiðlafræði. HFJO1ÚT05

Námsgögn: Ýmis rit frá kennurum. Netíð.

Lýsing: Nemendur vinna að útgáfu skólablaðs í tilefni 40 ára afmælis FVA. Í því felst efnismeðferð sem fyrst og fremst grundvallast á eigin frumsömdu efni og setu í ritstjórn. Nemendur búa til texta af ýmsum toga; skrifa stuttar greinar eða pistla, taka viðtöl og ljósmyndir o.fl. Í þessari vinnu verður sjónum beint að því fjölbreytilega starfi sem fer fram í skólanum, með það fyrir augum að skýra og skerpa ímynd skólans sem lifandi og gróskumikils samfélags, innávið sem útávið. Þá munu nemendur einnig leitast við að gera 40 ára sögu skólans nokkur skil. Í því felst heimildavinna í víðri merkingu þess orðs. Samhliða vinnu við blaðið fá nemendur áfangans fræðslu um ýmis grunnatriði fjölmiðlunar auk þess sem þeir fá þjálfun í helstu verkferlum sem lúta að blaðaútgáfu.

Lokamarkmið áfanga: Útgáfa skólablaðs

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

hlutverki framhaldsskóla í félagslegu og menningarlegu tilliti

fjölbreyttum aðferðum til að koma efni frá sér á prenti

viðtalstækni og upplýsingaöflun

úrvinnslu gagna og framsetningu efnis

mikilvægum lögum og reglum um starfsemi fjölmiðla

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

vinna að skapandi og fjölbreyttum verkefnum

skrifa skýran og blæbrigðaríkan texta

meta eigin texta og annarra á gagnrýninn hátt

setja fram efni þannig að það vekji áhuga og eftirtekt

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

leggja gagnrýnið mat á fjölmiðlaefni

taka virkan þátt í fjölmiðlun af ýmsum toga

leita heimilda og úrvinnslu þeirra

Námsmat. Áfanginn er án lokaprófs. Nemendur vinna afmörkuð verkefni sem þeir standa skil á vikulega. Verkefnunum á að skila bæði útprentuðum og rafrænt. Þá þurfa nemendur að kynna framlagt efni fyrir hópnum og taka þátt í umræðu og stefnumörkun. Verkefni eru samtals 12 og vægi hvers um sig rúm 8%.

Tímaáætlun með fyrirvara um breytingar.

Vika nr.

2. Fræðsla. Vinna við frumdrög blaðs
3. Skil á frumdrögum og umræða. Sjónum beint að andanum í skólanum. Vettvangsskoðun, pistlar, viðtöl og myndir.
4. Skil á efni og umræða. Fræðsla. Sjónum beint að starfsfólki skólans utan kennarahóps.V, p, v og m.
5. Skil á efni og umræða. Sjónum beint að einstökum náms – og starfsdeildum.V, p, v og m.
6. Skil á efni og umræða. Fræðsla. Sjónum beint að nemendaklúbbum og heimavist.
7. Skil á efni og umræða. Sjónum beint að sögu skólans. Ritaðar heimildir og viðtöl við eldri kennara og nemendur.
8. Skil á efni og umræða. Fræðsla. Sjónum beint að sambandi nemenda og starfsfólks
9. Skil á efni og umræða. Pistlar og stuttar greinar um valin efni
10. Skil á efni og umræða. Fræðsla. Opnir dagar.
11. Skil á efni og umræða. Íslandsmót iðngreina. Vettvangsferð 16.-18. mars.
12. Skil á efni og umræða. Fræðsla. Sagan frh.
13. Skil á efni og umræða. Sjónum beint að innri stjórnun skólans
14. Skil á efni og umræða. Sjónum beint að stjórnvöldum utan skólans.
15. Páskafri.
- 16-19. Frágangur á textum og öðru efni. Öflun auglýsingatekna. Frágangur á setningu og umbroti.